

**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**  
**Fundargerð 21. fundur skólanefndar**  
**20. september 2005**

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Björg Ágústsdóttir, Eypór Benediktsson, Sigríður Finsen, Sveinn Þór Elinbergsson, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Una Ýr Jörundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.

**1. Fundur settur**

Kjartan Páll setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna og þá sérstaklega nýjan áheyrnarfulltrúa kennara.

**2. Kosning á formanni skólanefndar**

Kjartan Páll gefur kost á sér til áframhaldandi setu og var hann einróma kjörin.

**3. Upphaf skólastarfsins, nemendatölur**

Skólastarf hefur farið vel af stað. Busavígsla yfirstaðin og fór vel fram. Nemendatölur voru skoðaðar – skráðir nemendur eru um 230 eða um 180-190 ársnemendur.

**4. Fjarhagsstaða eftir fyrstu sex mánuði ársins**

Farið var yfir rauntölur fyrir fyrri hluta ársins miðað við áætlun annars vegar og fjárheimildir hins vegar. Rætt var um niðurstöðu ársins 2004.

Ekki verður gengið frá skólasamningi fyrr en á næsta ári í samfloti við hina framhaldsskólana. Umræða um öflun sértekna, vantar fleiri hugmyndir. Umræða um skólasjóð.

**5. Námsferð og fleiri þróunarverkefni**

Fyrirhuguð er námsferð til Bandaríkjanna, nánar tiltekið til Minnesota. Þar verða skoðaðir skólar sem eru með kennslukerfi sem við teljum að geti nýst okkur við áframhaldandi þróun.

Nú þegar erum við búin að fá tvo fyrirlesara til okkar og búin að senda kennara á tvö námskeið. Fleira er í farvatninu og fjallað var um það.

**6. Önnur mál**

- Rætt um reglur varðandi mat á íþróttum. Nemendur sem stunda umfangsmikla þjálfun undir leiðsögn viðurkennds þjálfara eiga þess kost að fá metna íþróttaiðkun sína til eininga.

- Rætt um útkomu úr útboði á skólaakstri, málið er í skoðun hjá Vegagerð ríkisins og gert ráð fyrir að ganga til samninga við lægst bjóðendur.

- Rætt um UT-ráðstefnuna, spurt um hvort heyrst hafi frekar um hana. Engar nýjar fréttir af því máli.

Fundi slitið.

Næsti fundur verður haldinn 19. október kl. 16:30.